

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 132/1335
komudagur 14. 3. 2006



Reykjavík, 13. mars 2006

Efni: Umsögn um frumvarp til laga Ríkisútvarpið hf., 401. mál

Örkyrjabandalagi Íslands hefur borist frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf., 401. mál, heildarlög. Vill Örkyrjabandalagið koma á framfæri eftirfarandi:

Í IV kafla frumvarpsins er fjallað um tekjustofna Ríkisútvarpsins. Í 1. tölulið 12. gr. frumvarpsins er kveðið á um sérstakt gjald, nefskatt, sem innheimtur verði af öllum þeim einstaklingum sem eru skattskyldir. Lítur Örkyrjabandalagið svo á að ef innheimta á flatan skatt af öllum skattskyldum einstaklingum þá hjóti stjórnvöld að taka til endurskoðunar laun þeirra sem fá greitt samkvæmt almannatryggingarlöggjöfnni. Hingað til hafa öryrkjar fengið afslátt á afnotagjöldum RÚV og því mikilvægt að laun þeirra samkvæmt almannatryggingalöggjöfnni hækki svo ekki komi til kjaraskerðingar.

Örkyrjabandalag Íslands leggur áherslu á að þó svo að rekstrarformi Ríkisútvarpsins verði breytt þá beri stofnuninni að gæta jafnræðis í þjónustu við notendur og endurspegla í dagskrárgerð sinni fjölbreytni íslensk þjóðlífs. Í 9. tölul. 3. gr. frumvarpsins um hlutverk og skyldur Ríkisútvarpsins, er kveðið á um skyldur Ríkisútvarpsins til að miða útvarpsefni við fjölbreytni íslensks þjóðlífs, „**þar á meðal að sinna eðlilegum þörfum minnihlutahópa**“. Í athugasemdum við lagafrumvarpið eru eðlilegar þarfir minnihlutahópa ekki skilgreindar eða hverjir það eru sem tilheyra minnihlutahópum, hvort um er að ræða, konur, fólk með fötlun, fólk með annað móðurmál en íslensku o.s.frv. Er það mat Örkyrjabandalags Íslands að 9. tölul. 3. gr. frumvarpsins sé of víðtækur og geti orðið til þess að ákvarðanir verði of matskenndar og orsaki ójöfnuð meðal notenda þjónustu Ríkisútvarpsins. Má í þessu sambandi benda á dóm Hæstaréttar nr. 151/1999 sem viðurkenndi skyldu Ríkisútvarpsins til að haga gerð og útsendingu framboðsumræðna þannig að aðgengilegt væri heyrnarlausum.

Virðingarfyllst,
f.h. Örkyrjabandalags Íslands


Hafdis Gísladóttir
framkvæmdastjóri